

36. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Hafnamálastofnunar ríkisins. Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinna síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

38. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

39. gr.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

40. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi hafnalög, nr. 69 28. maí 1984, með síðari breytingum.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laga þessara skulu ákvæði laga nr. 69/1984, um allt að 40% ríkisframlaga til stofnkostnaðar við hafnarvogir, hafnsögubáta og löndunarkrana, gilda til ársloka 1994.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kærui til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

4. gr.

2. mgr. 50. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. lýkur skipunartíma starfandi samkeppnisráðs við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Sighvatur Björgvinsson.***L Ö G****um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Nú eru sveitarfélög sameinuð og skulu þá umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.